


✉ Re: Innflutningur á trjávið með berki

Búið til	15.11.2021 12:11:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	15.11.2021 12:11:34
Tilheyrir	 202111-0013 - Innflutningur á trjávið með berki til Húsavíkur

Efni

Re: Innflutningur á trjávið með berki

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	15.11.2021 12:11:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	brynjar.omarsson@mast.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202111-0013 (SS, PW).

Vísað er í tölvupóst frá Matvælastofnun, dags. þann 5. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um innflutning PCC Bakka á trjávið með berki af beyki (*Fagus sp.*) frá Póllandi.

Eins og komið hefur fram í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar til Matvælastofnunar um innflutning PCC Bakka á trjávið horfir stofnunin fyrst og fremst til laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þegar kemur að ráðgjöf varðandi innflutning plöntuvara því það samræmist best hlutverki Náttúrufræðistofnunar. Þar er einkum átt við ákvæði um framandi lífverur en skv. skilgreiningu laganna telst ágeng framandi tegund vera „framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnum líffræðilegar fjölbreytni“. Samkvæmt 63. grein náttúruverndarlaganna er „óheimilt að flytja inn og dreifa framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar“. Þetta ákvæði á þó ekki við um búfé eða framandi plöntutegundir sem hafa verið notaðar til garðyrkju, túnræktar, jarðræktar, landgræðslu og skógræktar. 65. grein fjallar um aðgæsluskyldu en þar segir „sá sem ber ábyrgð á innflutningi framandi lífvera sem ekki er ætlað að dreifa skal gæta sérstakrar varúðar og grípa til allra ráðstafana sem sanngjarnt verður talið svo koma megi í veg fyrir að lífverurnar sleppi og dreifist“.

Náttúrufræðistofnun telur mikla áhættu fylgja innflutningi á framandi trjávið með berki fyrir líffræðilega fjölbreytni á Íslandi. Með innflutningi á trjávið geta borist inn ýmis smádýr sem eru þekktar tjóntegundir á trjágróðri og viðarafurðum. Meðal tegunda sem gætu borist inn með beykitrjávið frá Póllandi eru maurategundin *Camponotus herculeanus*, mölflugur af ættkvísl *Lymantria* og bjöllutegundir t.d. *Anobium punctatum* og *Xestobium rufovillosum*. Þá er einnig hætta á að með varningnum berist óæskilegar sveppa- og plöntutegundir. Til dæmis eru sjúkdómsvaldandi sveppategundir orðnar algengar í beyki á síðustu árum, og veldur sveppurinn rótarfúa. Afar slæmt væri ef slíkir sveppir kæmust til landsins.

Til að lágmarka áhættu er nauðsynlegt að trjábólir séu úðaðir með eftirfarandi efni á undan innflutningi:

Phosphine (PH₃) 5 mg/m³ a.m.k. 120 klukkutíma fyrir útflutning

eða

Cyanogen (C₂N₂) 100 g/m³ a.m.k. 24 klukkutíma fyrir útflutning.

Slík úðun kemur þó ekki í veg fyrir að lifandi plöntufræ eða rótarskot geti borist inn. Þess vegna þarf líka að grípa til ráðstafana á viðtökustað. Bolina skal geyma í lokuðum gámum, helst ekki utandyra, og öllum úrgangi skal safna vandlega saman og brenna tafarlaust. Lífrænn úrgangur má alls ekki komast út í náttúruna eða inn í hefðbuninn sorpurðunarfarveg hér á landi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Brynjar Rafn Ómarsson - MAST" <brynjar.omarsson@mast.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Innflutningur á trjávið með berki

Date: 5.11.2021 15:21:13

Góðan dag

Matvælastofnun hefur til umfjöllunar tilkynningu PCC Bakka um innflutning á trjávið með berki (*fagus sp.*) frá Póllandi.

Málið varðar 49.499kg af trjávið beyki með berki frá skógarsvæðum í Póllandi til Húsavíkur.

Óskar stofnunin eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til málsins og skriflegum athugasemdum telji stofnunin þær varða vinnslu málsins.

Sjá í viðhengi vottorð vegna uppruna vörunna, magns og tegundar.

Með kveðju,

Brynjar Rafn Ómarsson

Fagsviðsstjóri / Senior officer

Inn- og útflutningsmál / Office of Import and Export



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Dalshraun 1b - 220 Hafnarfjörður - Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801 - www.mast.is (www.mast.is)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (5 KB)
